

# Tilraunir í sálfræði

## E-313-SATI



**Ár:** 2. ár.

**Önn:** Vorönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda (kjarnanámskeið).

**Undanfarar:** E-114-RATO og E-315-RATO.

**Skipulag:** 4 stundir á viku í 12 vikur.

**Kennari:** Berglind Gísladóttir.

**Lýsing:** Í þessu námskeiði fá nemendur beina þjálfun í kerfisbundinni öflun gagna og tilraunainngripum, þar á meðal beitingu sálmælinga, í vinnureglum við skipulega gagnaöflun, á tæki á tilraunastofu, á tölvur til söfnunar, geymslu og greiningu gagna, siðfræði í rannsóknum, í greiningu á rannsóknarniðurstöðum og skýrsluskrifum. Nemendur gera tilraunir, afla gagna og vinna úr þeim ásamt því að skrifa skýrslu.

**Lærdómsviðmið:** Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

*Þekking*

- Gert grein fyrir tilraunarannsóknum í sálfræði.
- Gert grein fyrirviðeigandi tölfræði hugtökum.
- Skilgreint hugtök og starfshætti út frá framkvæmd (operationally define) sem hluta af rannsóknarferlinu.

*Leikni*

- Sett fram rannsóknarspurningar í sálfræði.
- Hannað tilraunir til að kanna rannsóknarspurningar með hlutlausum hætti.
- Safnað og greint upplýsingar í samræmi við viðteknar venjur.
- Beitt viðeigandi tölfræði við úrvinnslu gagna.
- Túlkað rannsóknarniðurstöður og dregið ályktanir.
- Gert sér grein fyrir takmörkunum rannsókna.
- Unnið með leiðbeinendum og samnemendum að framkvæmd rannsókna.

*Hæfni*

- Lagt gagnrýnt mat á birtar tilraunarannsóknir í sálfræði.
- Beitt sjálfstæðri hugsun og vinnubrögðum við rannsóknir.
- Á tiltölulega sjálfstæðan hátt framkvæmt alla helstu þætti rannsóknarferlisins frá hugmynd til lokaskýrslu.

**Námsmat:** Rannsóknarskýrslur.

**Tungumál:** Íslenska.

**ECTS:** 6.